

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. september 2023

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands

Lagt er til að fjölmennasta skiptistöð landsins, Mjóddin, þjóni farþegum Strætó og sé opin í samræmi við tímatöflur hennar. Jafnframt verði tryggt að farþegar hafi aðgang að salernisaðstöðu sem tilheyrir húsnæðinu.

Greinagerð:

Mikilvægt er að farþegar Strætó eigi skjól fyrir veðri og vindum á fjölmennustu skiptistöð landsins, Mjóddinni, og hafi þar aðgang að salerni. Skiptistöðin er einstök á landsvísu þar sem saman koma farþegar af landsbyggðinni og öllu höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að opnunartími Mjóddarinnar þjóni farþegum Strætó og sé í samræmi við tímatöflur Strætó en í dag er opnunartími óáreiðanlegur þrátt fyrir auglýstan opnunartíma.

Salernisaðstaða ætti auk þess að vera til staðar fyrir farþega. Það er lágmark og eðlilegt að fólk geti gengið að henni. Á meðan svo er ekki neyðast farþegar til að gera þarfir sínar úti. Lyktin við stöðina er orðin slæm, sérstaklega við annan gaflinn á húsinu og öðrum nærliggjandi svæðum. Fólk ætti að geta nýtt sér almenningssamgöngur með reisu og ekki neytt til að gera þarfir sínar á almannafæri. Með samþykkt tillögunnar er algjör lágmarkspjónusta tryggð, sem er forsenda þess að fólk nýti sér Strætó og gefist ekki upp á honum.